

From: Valur Rafn Halldórsson <valur.rafn.halldorsson@samband.is>

Sent: fimmtudagur, 7. mars 2024 18:23

To: Valur Rafn Halldórsson <valur.rafn.halldorsson@samband.is>

Cc: Arnar Þór Sævarsson <arnar.thor.saevarsson@samband.is>

Subject: Yfirlýsing um stuðning ríkisstjórnarinnar og Sambandsins

Til framkvæmdastjóra sveitarfélaga,

Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður Sambands Íslenskra sveitarfélaga, skrifaði rétt í þessu undir yfirlýsingu um stuðning ríkisstjórnarinnar og Sambands Íslenskra sveitarfélaga í mars 2024. Sambandið hefur ítrekað lýst því yfir að mikilvægt sé að horfa til samstillts átaks til að kveða niður verðbólguna. Þar er yfirveguð og vönduð aðkoma hins opinbera, bæði ríkis og sveitarfélaga afar mikilvæg.

Samninganefnd sambandsins og fulltrúar þess hafa verið í góðu samtali við ríkið, Samtök atvinnulífsins, breiðfylkinguna og fleiri aðila við gerð þessa samkomulags og kjarasamninga. Þessi yfirlýsing er mikilvæg varða á þeirri leið að ná langtímasamningum við okkar viðsemjendur. Strax á morgun mun fara í gang vinna hjá samninganefndinni við að klára samninga við okkar viðsemjendur m.v. merki markaðarins sem nú er orðið skýrt.

Formlegt bréf verður sent til sveitarstjórna á morgun þar sem útlistað verður hvaða aðgerðir sambandið mælist til að sveitarfélögin ráðist í til að markmið þessa samkomulags náist. Meðfylgjandi er yfirlýsingin. Nánari upplýsingar má finna [á vef sambandsins](#).

Með von um að sveitarfélög sýni samstillt átak til að liðka fyrir gerð langtíma kjarasamninga til að kveða niður vexti og verðbólgu.

Kv. Valur Rafn

Með kveðju / best regards

VALUR RAFN HALLDÓRSSON
SVIÐSSTJÓRI ÞJÓNUSTUSVIÐS



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA
ICELANDIC ASSOCIATION OF LOCAL AUTHORITIES
DET ISLANDSKE KOMMUNEFORBUND

Borgartún 30 | Pósthólf 8100 | 128 REYKJAVÍK | Sími 515 4915 | 868 1895
[www.samband.is](#) | [samband@samband.is](#)